

Stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga

20. apríl 2012. Þorlákshöfn kl.14:30 *Jens P. Jensen*

Mættir voru: Tryggvi Harðarsson, *Stefán Bogi Sveinsson*, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Sigríður Lára Ásbjörnsdóttir, *Gunnar Þorgeirsson* og Valur Rafn Halldórsson frá sambandinu.

Fyrir fund var skoðunarferð um Helliðavirkjun

Dagskrá:

1. Samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga
2. Greint frá heimsókn hjá LVK í Noregi og þeirra starfsemi
3. Fasteignagjöld á orkumannvirki
4. Aðalfundur næsta haust
5. Önnur mál

1. Samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga

Gjaldkeri (SBS) fer yfir samninginn við Samband íslenskra sveitarfélaga. Gjaldkeri (SBS) mun sjá um samskipti við Sambandið vegna fjarmála en ritari (BG) mun koma öllum gögnum til sambandsins til varðveislu. Tengiliður við sambandið er Valur Rafn Halldórsson.

2. Greint frá heimsókn hjá LVK í Noregi og þeirra starfsemi.

Lagt fram minnisblað um heimsókn formanns (TH) og varaformanns (EI) til LVK í Noregi sem eru sambærileg samtök og SO. Umræður um fyrirkomulag mála í Noregi.

3. Fasteignagjöld á orkumannvirki

Mjög líklegt að fljótlegasta leiðin til þess að fá hreyfingu á þessa hluti sé að fara dómstólaleiðina. Að fá á hreint hvort undanþáguákvæði á fasteignagjöldum samræmist lög. Einnig er Fljótsdalshérað að vinna í máli vegna vatnsréttindi og fasteignamat á vatnsréttindum sem hafa verið skilin frá jörð.

Það væri ef til vill skynsamlegt að athuga hvort sveitarfélög geti tekið sig saman þegar og ef það kemur til málaferla svo eitt sveitarfélag þurfi ekki að bera allan kostnaðinn.

Ákveðið að það verði farið betur yfir lagahliðina á næsta stjórnarfundum fyrir austan.

4. Aðalfundur næsta haust.

Stungið er upp á því að halda ráðstefnu í kringum aðalfundinn næsta haust og fá aðila frá Noregi til að ræða þessi mál. Fá ekki bara sjónarhól sveitarfélagana í Noregi heldur líka samningsaðila þeirra.

Ræddar mögulegar tímasetningar og staðsetningar á aðalfundi og verður það skoðað með hliðsjón af dagatali Sambandi íslenskra sveitarfélaga á næsta stjórnarfundum

5. Önnur mál

Formaður (TH) tilkynnir að hann hafi látið af störfum sem sveitarstjóri og ber því að láta af störfum sem formaður SO. Varaformaður mun þá taka við sem formaður sambandsins. TH þakkar fyrir gott samstarf..

Stjórn þakkar TH fyrir góð störf í þágu SO.

Með tilliti til laga sambandsins, með hliðsjón af kynjasjónarmiðum og landshlutasjónarmiðum er lagt til að Dagbjört Bjarnadóttir komi inn sem aðalmaður í stjórn. Það er samþykkt samhljóða.

Lagt er til að varaformaður verði SBS samhljóða gjaldkerastörfum. Samþykkt samhljóða

J.P. *S.B.* *TH* *SBS*

Samþykkt er að nýr formaður og varaformaður fái heimild til að semja við TH um verkefnastjórn varðandi ráðstefnu í haust og skipulagningu á aðalfundi.

Fundi slitið um 16:05

Bæjarstjóri Ölfus, Ólafur Örn, hélt kynningu um sveitarfélagið að fundi loknum fyrir fundargesti.

Brýndis Guðlaugsd.
Brýndis Þ. Magnúsdóttir
Tóppi Örn
Stefán Bogi S.